

Heimilt er gjaldanda að halda eftir 20% gjaldsins uns gangstétt hefur verið lögð við hús hans. Ef gangstétt er lögð að hluta, má halda eftir greiðslu á 10% gjaldsins.

Bæjarráði er heimilt að veita afslátt og/eða rýmri gjaldfrest, þegar um er að ræða fasteignir þeirra aðila, sem njóta ívilnunar í fasteignaskatti sbr. II. kafla laga um tekjustofna sveitarfélaga.

Ef um gjaldfrest er að ræða miðast gatnagerðargjaldið við þá visitölu, sem í gildi er, þegar gjaldið er innheimt.

7. gr.

Bæjarráð getur gefið gjaldfrest, lækkað eða fellt niður öll gjöld af húsum ellilífeyrisþega eða öryrkja, ef ástæður eru hágar.

Ef um gjaldfrest er að ræða, miðast gatnagerðargjaldið við þá visitölu, sem í gildi er, þegar gjaldið er innheimt.

8. gr.

Gatnagerðargjaldi fylgir lögveð í fasteign þeirri, sem það er lagt á, og gengur það ásamt vöxtum fyrir öllum veðkröfum, sem á eigninni hvíla og tekur það einnig til váttryggingarfjár eignarinnar.

Heimilt er að taka gjöld samkvæmt lögum þessum lögtaki skv. lögum nr. 29/1885.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Vestmannaeyja-kaupstaðar staðfestist hér með samkv. lögum nr. 51/1974, sbr. lög nr. 31/1975, til að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 26. júlí 1977.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 486 11. nóvember 1975 um álagningu gatnagerðargjalda við byggðar götur í Seyðisfjarðarkaupstað sbr. rgl. nr. 145 26. apríl 1976 um breytingu á þeirri reglugerð.

5. gr. orðist svo:

Heimilt er bæjarstjórn að veita afslátt eða fella niður gatnagerðargjöld af eignum fasteigna sem eiga við langvarandi sjúkdóma eða örorku að stríða.

Ef afsláttur er veittur af gatnagerðargjaldi eða það fellt niður samkvæmt 1. málsg. þessarar greinar skal bæjarstjórn heimilað að leggja gjaldið á að nýju með hækkun samkvæmt visitölu sbr. 1. gr. þegar eigendaskipti verða á viðkomandi fasteign enda sé kvöð þar um þinglýst á fasteignina.

Ekki telst það eigendaskipti að fasteign þótt eftirlifandi maka sé veitt búsetuleyfi.

Heimilt er bæjarstjórn að veita afslátt eða fella niður að hluta gjöld af umframstærðum fasteigna þegar sérstakar ástæður koma til að mati bæjarstjórnar.

Reglugerð þessi sem samþykkt er af bæjarstjórn Seyðisfjarðarkaupstaðar, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51/1974 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 27. júlí 1977.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

21. júlí 1977.

Nr. 287.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á loðnuafurðum fyrir framleiðslutímabilið frá 15. júlí til 31. desember 1977.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á loðnuafurðum fyrir framleiðslutímabilið frá 15. júlí til 31. desember 1977:

Loðnumjöl, \$ 7.10 á próteineiningu í lest.

Loðnulýsi, \$ 490.00 fyrir hverja lest.

Verðið miðast við Cif., og gerist upp á viðskiptagengi krónu gagnvart Bandaríkjadollar, \$ 1.00 = kr. 194.50.

Greiðslur í eða úr sjóðnum nema 55% af verðbreytingum frá grundvallarverði.

Verðgrundvöllur þessi er breytanlegur á tímabilinu ef hráefnisverði verður sagt upp og því breytt.

Sjávarútvegsráðuneytið, 21. júlí 1977.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Gylfi Þórðarson.

29. júlí 1977.

Nr. 288.

AUGLÝSING

um veitingu leyfis til áætlunarflugs.

Samkvæmt heimild í VIII.kafla laga nr. 34 21. maí 1964, um loftferðir, hefur samgönguráðuneytið í dag veitt flugfélaginu Vængjum hf., Reykjavík leyfi til reglubundins áætlunarflugs á flugleiðinni Reykjavík—Grundarfjörður—Reykjavík, á tímabilinu frá 29. júlí 1977 til 31. desember 1982.

Leyfið er til flutninga á farþegum, pósti og vörum.

Samgönguráðuneytið, 29. júlí 1977.

Halldór E. Sigurðsson.

Birgir Guðjónsson.